

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Erni Snorrasyni sálfræðingi og Guðmundi Árnasyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Sæmundsson og Finnur Kolbeinsson, skulu sýknir vera af kröfum stefnenda, Emilie J. Kvaran og Jakobs S. Kvaran, í máli þessu. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Priðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 90/1981. **Ólafur Andrésson og**
Samvinnutryggingar g/t
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Hjördísi Þorsteinsdóttur og
Steingrími S. Gunnarssyni
 (Árni Grétar Finnsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Gera þeir þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndu í málinu og stefndu verði dæmd til að greiða þeim in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tvö vitni og áfrýjandinn Ólafur Andrésson gefið fyrir dómi skýrslur um málavexti.

Vitnið Berglind Valdimarsdóttir skýrði svo frá, að hún hafi hitt þá Ólaf og Ragnar Bjarna á „Hallærisplaninu“, sennilega milli kl. 11 og 12, laugardagskvöldið 28. júlí 1979. Þau hafi farið að „rúnta“, en síðan hafi þau farið í „partí“ í húsi einu í Breiðholti. Tvisvar sinnum hafi verið ekið upp í Mosfellssveit, en vitnið áleit, að Ragnar byggi þar þá. Í bílnum hafi verið auk vitnisins og annarrar stúlku þeir Ólafur og Ragnar Bjarni í báðum ferðunum. Sóttur hafi verið matur og brugg og síðan farið aftur í „partíið“. Vitnið kveður þær stúlkurnar og Ólaf hafa neytt áfengis, bæði hafi verið drukkið í bílnum og í „partíinu“. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að Ragnar Bjarni hafi drukkið þessa nótt. Hann hafi í öll skiptin ekið bifreiðinni, nema þegar vitninu var ekið heim á sunnudagsmorguninn, sennilega milli 6 og 7, þá hafi Ólafur keyrt bílinn. Vitnið tók fram, að Ólafur hafi setið frammi í bílnum, þegar Ragnar hafi verið við keyrslu. Kvað vitnið, að um töluverða ölvun hafi verið að ræða. Einnig gat það þess, „að ekki hafi farið á milli mála, að Ragnar hafi vitað, að Ólafur væri drukkin umrædda nótt.“ Þá kvaðst vitnið ekki vita betur en að Ragnar hafi átt, einn eða með öðrum, brugg það, er sótt var í Mosfellssveit.

Vitnið Þóra Leósdóttir kveðst hafa hitt þá Ólaf og Ragnar Bjarna niðri í bæ á laugardagskvöldið og hafi þau keyrt um bæinn allengi. Síðan hafi verið farið upp í Mosfellssveit og náð í vín á þeim stað, er Ragnar hafi búið. Þá hafi aftur verið farið í bæinn og í „partí“ í tilgreindu húsi í Breiðholti. Þaðan hafi verið farið upp í Mosfellssveit að ná í mat og ef til vill meira vín, en síðan haldið í „partíið“ aftur. Skömmu síðar hafi þeir félagar svo ekið Berglind heim og anuarri stúlku. Hafi það verið það síðasta, sem vitnið sá til þeirra félaga þennan morgun, en ekki segist Þóra þá hafa verið í bílnum. Vitnið kveður, að hún og Berglind og Ólafur hafi neytt áfengis laugardagskvöldið og aðfaranótt sunnudagsins, en kveðst halda, að Ragnar Bjarni hafi ekki drukkið áfengi. Bæði hafi verið drukkið í bílnum og í „partíinu“. Vitnið kveður töluvert áfengi hafa verið „innbyrt“, bæði vín og bjór. Vitnið telur, að í mesta lagi átta til tíu manns hafi

verið í „partíinu“. Hafi fólkið haldið sig mest í tveimur herbergjum í húsinu. Þeir félagar, Ólafur og Ragnar Bjarni, hafi setið saman að spjalli mikinn hluta nætur, enda hafi þeir ekki þekkt aðra í „partíinu“ en vitnið og Berglind.

Áfrýjandinn Ólafur Andrússon skýrði svo frá, að hann og Ragnar Bjarni hafi laugardagskvöldið 28. júlí 1979 hitt þær Berglind og Þóru á „Hallærisplaninu“. Síðan hafi verið haldið áfram að rúnta um bæinn og farnar að minnsta kosti tvær ferðir upp í Mosfellssveit að sækja bjór. Ragnar hafi ekið bílnum, en sjálfur segist hann hafa setið frammi í við hlið hans. Farið hafi verið í „partí“ í Breiðholtinu um nóttina. Hann kveðst hafa byrjað að drekka bjór, er Ragnar Bjarni hafi gefið sér snemma kvölds, og síðan hafi verið um að ræða samfellda drykkju sína og stúlkanna alla nóttina. Ragnar Bjarni hafi ekki neytt áfengis, en hins vegar átt áfengi það, sem drukkið var. Hann tók fram, að áfengið hafi verið sterkur heimatilbúinn bjór.

Sannað þykir, að slysinu hafi valdið óvarlegur akstur áfrýjandans Ólafs Andrússonar, einkum vegna ölvunar hans, enda óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki samkvæmt rannsókn á alkóhólmagni í blóði, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968. Eftir framburði hans sjálfs, sem studdur er vætti þeirra Berglindar Valdimarsdóttur og Þóru Leósdóttur, lagði Ragnar Bjarni heitinn honum til ölföng aðfaranótt sunnudagsins. Þá hafa þau borið, að áfengisneyslan hafi bæði farið fram í bifreiðinni og í „partíinu“ að honum viðstöddum. Þegar til þessa er litið sérstaklega og annarra atvika umrædda nótt, svo sem þeim er lýst í framangreindum skýrslum vitnanna Berglindar og Þóru, þykir verða að telja, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið eða mátt vera ljóst, að Ólafur væri óhæfur til að stjórna bifreiðinni í framhaldi af vındrykkjunni. Þar sem hann við þessar aðstæður tók sér far með henni, gerði hann það á eigin ábyrgð og fyrirgerði þar með rétti sínum til bóta. Geta því stefndu eigi krafist skaðabóta úr hendi Ólafs Andrússonar. Af því leiðir jafnframt, að stefndu geta eigi krafist Samvinnutryggingar g/t um bætur.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina kröfur áfrýjenda um sýknu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Ólafur Andrésen og Samvinnutryggingar g/t, skulu vera sýknir af kröfum stefndu, Hjördísar Þorsteinsdóttur og Steingríms S. Gunnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 3. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., hafa Hjördís Þorsteinsdóttir og Steingrímur S. Gunnarsson, Mávahlið 9, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 28. október 1980, á hendur Ólafi Andræssyni, Laugabóli, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 498.840 gamlar krónur (4.988.40 nýkrónur) ásamt dómvöxtum frá 29. júlí 1979 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefndu in solidum hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. júlí 1979, kl. 0955, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys, sem varð í svonefndri Ullarnesbrekku á Vesturlandsvegi við veg, sem liggur að Helgafelli í Mosfellssveit. Arnbjörn Leifsson lögreglumaður og Garðar Kristjánsson lögregluvarðstjóri fóru á vettvang. Einnig kom þangað Jóhannes Páll Jónsson rannsóknarlögreglumaður og Einar Karel Torfason bifreiðaeftirlitsmaður. Þarna hafði bifreiðin G 11447, Ford Mustang, árgerð 1968, farið út af veginum við akstur fram úr Land Rover bifreið, G 4000, og oltið nokkrar veltur, en staðnæmst á hjólunum. Bifreiðin skemmdist mikið. Eigandi bifreiðarinnar, stefndi Ólafur Andrésen, fæddur 6. apríl 1961, var ökumaður. Með honum í bifreiðinni var einn farþegi, Ragnar Bjarni Kjartansson, fæddur 27. september 1979 (sic). Hann virðist hafa setið í hægri framsæti bifreiðarinnar. Talið var, að hann hefði kastast út úr bifreiðinni í síðustu

veltunni og orðið undir henni. Er lögreglan kom á staðinn, var sjúkrabifreið lögð af stað með þá til Reykjavíkur. Báðir höfðu slasast, en þó einkum Ragnar Bjarni, sem lést sama dag, kl. 1325, af völdum þeirra meiðsla, sem hann hlaut. Hann var ókvæntur og barnlaus. Í máli þessu eru stefndu krafðir um greiðslu kostnaðar stefnenda af útför hans.

Rannsókn slyssins hófst þegar í stað. Vegna þess sætti stefndi Ólafur ákæru, sem gefin var út 23. nóvember 1979, og dómi sakaðóms Kjósarsýslu 3. júlí 1980, sem gerði honum refsingu og ævilinga sviptingu ökuréttinda, en þau réttindi hafði hann öðlast 8. september 1978 og fengið ökuskírteini til eins árs. Gögn þau, sem málsaðiljar byggja á, eru m. a. endurrit nefnds dóms sakaðóms Kjósarsýslu og skýrslur lögreglu, rannsóknarlögreglu og bifreiðaeftirlitsmanna. Verður nú rakið það helsta, sem þar kemur fram.

Arnbjörn Leifsson lögreglumaður skráði skýrslu um umferðarslysið og gerði uppdrátt af vettvangi. Hann lýsir verksummerkjum þannig, að bifreiðin G 11447, sem ekið var norður Vesturlandsveg, hafi farið yfir á vinstri vegarhelming og út af efst í Ullarnesbrekkunni. Síðan inn á veginn aftur og þvert yfir hann og út af að nýju, þar sem vegurinn að Helgafelli tengist Vesturlandsvegi, en þar sé um það bil 1 meters djúpur skurður eða ræsi. Þar hafi bifreiðin stungist niður og farið síðan 3—4 veltur, en hafnað á hjólunum um 40 metrum frá, en tæpum 200 metrum frá þeim stað, sem bifreiðin fór fyrst út af. Hægra afturhjól hafi brotnað undan bifreiðinni og öxull einnig verið brotinn. Svört för, sem líkst hafi hemlaförum, hafi verið eftir bifreiðina á malbikuðum afleggjara að malargryfjum. Í kantinum hafi hins vegar verið skrensför. Hægra megin vegarins hafi verið svipuð verksummerki, en þar virst sem bifreiðin hafi runnið á hlið. Hann hafi ekki orðið var við hemlaför, þar sem bifreiðinni G 11447 var ekið fram úr Land Rover bifreiðinni. Garðar Kristjánsson lögregluvarðstjóri kvað rétt greint frá í skýrslu og uppdrætti Arnbjarnar.

Jóhannes Páll Jónsson rannsóknarlögreglumaður kom á vettvang skömmu á eftir almennu lögreglunni og fór síðan á slysa-deild Borgarspítalans þeirra erinda að láta taka blóðsýni úr stefnda Ólafi og Ragnari Bjarna. Var blóðsýni tekið úr stefnda Ólafi kl. 1120, og við rannsókn með gasgreiningu á súlu reyndist magn alkóhóls í því 1.59‰. Jóhannes Páll Jónsson kveður lækna hafa sagt, að þeir gætu ekki tekið blóðsýni úr Ragnari

Bjarna, þar sem hann væri mjög alvarlega slasaður. Jóhannes Páll kveður lítillaga hafa verið hægt að ræða við stefnda Ólaf á slysadeildinni. Hann kveðst ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Hins vegar hafi hann fundið áfengislykt af andardrætti hans. Hann kveður stefnda hafa verið í miklu uppnámi og því hafi ekki verið gott að meta áfengisáhrif á honum. Hann kveður stefnda hafa sagt, að þeir félagarnir hafi verið að koma úr Breiðholti, þar sem þeir hafi verið um nóttina. Þeir hafi ekki neytt áfengis. Hann kvaðst hafa beðið bifreiðaeftirlitsmann að kanna sérstaklega stýrisbúnað bifreiðarinnar G 11447 og öxulbrotið vegna orðróms um, að þarna hefði orðið skyndibilun.

Gunnar Benedikt Adólfsson bifreiðaeftirlitsmaður hafði skoðað bifreiðina G 11447 föstudaginn 27. júlí 1979, eða 2 dögum fyrir slysið, í Bifreiðaeftirliti ríkisins í Hafnarfirði. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir þeirri skoðun. Á aðfinnslumiðaða, sem hann útbjó um ástand bifreiðarinnar þá, er gerð athugasemd við stýrisliði og stýrisveli (spindla — spindilkúlur) og tekið fram, að bifreiðin þarfnist viðgerðar strax og færist til endurskoðunar í síðasta lagi 8. ágúst 1979. Hann kvaðst ekki muna eftir stýri bifreiðarinnar, en gat þess, að við skoðun banni þeir notkun stýrishjóla, sem eru minni að þvermáli en 12 tommur. Hann minntist ekki hjólbarða bifreiðarinnar, en kveður hjólbarða, sem ná út fyrir aurbretti bifreiða, bannaða við skoðun.

Einar Karel Torfason bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina á slysstað. Í skýrslu hans um þá skoðun segir, að ekki hafi verið hægt að reyna bifreiðina í akstri vegna skemmda á henni. Við þá skoðun, sem hægt var að framkvæma, „var ekki að sjá, að stýrisbúnaður hefði bilað, slit var í spindilkúlum eins og aðfinnsluseðill sýnir og athugasemd á stýrisendum“ . . . „Öxull brotnaði, við það dettur hægra afturhjól undan, var hreint sár, ekki var að sjá neitt, sem benti til, að um gamalt brot væri að ræða. Hjólbarðar að aftan voru 12” breiðir, og var sprungið á hægra afturhjól. Framhjólbarðar voru venjulegir sumarbarðar. Stýrishjól var lítið rally. Rúður voru brotnar úr bifreiðinni, svo ekki var hægt að sjá, hvort þær voru óhreinar.“ Einar Karel kveður bifreiðina með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði. Hann kveðst hafa skoðað bifreiðina aftur í geymslu í Kópavogi með tilliti til stýrisdælu. Hann hafi orðið var við smáslit á þeim hlutum, sem gerð var athugasemd við við skoðun bifreiðarinnar þann 27. júlí 1979. Stýrisreim hafi verið heil. Hann hafi ekkert

séð athugavert við stýrisbúnað bifreiðarinnar. Lítið „rallýstýri“ hafi verið á bifreiðinni, en það henti ekki amerískum bifreiðum. Hann kveður brot á öxli hafa verið nýtt.

Stefndi Ólafur Andrésson hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið í bifreiðinni til Reykjavíkur kvöldið fyrir slysið. Ragnar Bjarni heitinn, vinur hans, hafi verið farþegi. Þeir hafi farið í bíó kl. 2100. Eftir bíó hafi Ragnar Bjarni ekið, en hann drukkið heimabruggaðan bjór, sem Ragnar Bjarni átti. Ragnar Bjarni hafi ekki drukkið. Þetta hafi verið leifar frá kvöldinu áður, en þá hafi Ragnar Bjarni verið að drekka sams konar bjór. Þeir hafi ekið um bæinn. Um nóttina hafi þeir hitt tvær stúlkur niðri í bæ og boðið þeim í bifreiðina. Þær hafi vitað um „partí“ í Breiðholti og þeir farið með þeim þangað um miðja nóttina. Þar hafi þeir dvalist til morguns og hann (stefndi) neytt einhvers bjórs með stúlkunum. Hann hafi fundið til einhverra áfengisáhrifa á tímabili af bjórdrykkjunni, en ekki mikilla. Síðan kveðst stefndi hafa hætt að drekka, þar sem hann hafi ætlað að aka sjálfur heim. Undir morgun hafi hann viljað fara að komast heim, en orðið að bíða lengi eftir Ragnari Bjarna. Hann hafi verið orðinn svolítið ergilegur á biðinni og svo ákveðið að aka sjálfur heim, enda talið sig vel færan um það, þó svo hann hafi drukkið þennan bjór, og talið sig ekki finna til áfengisáhrifa. Hann hafi ekkert sofið um nóttina og verið í öru skapi eftir að hafa þurft að bíða. Ragnar Bjarni og stúlkurnar hafi komið í bifreiðina. Hann hafi síðan ekið niður Breiðholtsbraut og austur Vesturlandsveg. Stúlkurnar hafi yfirgefið bifreiðina við bensinstöð Essó í Árbæjarhverfi, en hann ekið áfram Vesturlandsveg, hugsanlega með viðkomu í Þverholti í Mosfellssveit. Efst í Ullarnesbrekku hafi hann ekið fram á Land Rover bifreið og ákveðið að aka fram úr henni, en er hann beygði bifreið sinni til vinstri, hafi stýrið verið svo þungt, að hann hafi ekki náð að rétta bifreiðina af nógu snemma og hún lent út á malarkantinum fyrir utan steypa veginn og eftir það hafi hann ekkert ráðið við bifreiðina. Hann myndi eftir, er bifreiðin hafi flogið út af vegamótunum að Helgafelli, en ekkert eftir það nema köll og hróp, eftir að bifreiðin stöðvaðist. Hann kveður hvorugan hafa verið í öryggisbelti.

Stefndi kveðst hafa orðið allur stífur, er hann missti vald á bifreiðinni, og ekki muna viðbrögð sín í smáatriðum. Hann kveðst ekki vita, á hvaða hraða hann ók. Hann kveðst hafa fengið mikið

höfuðhögg við slysið og verið lengi að jafna sig eftir það. Önnur meiðsli hafi hann ekki hlotið og fengið að fara heim síðdegis sama dag.

Stefndi kveðst hafa talið sig vera ekki undir áfengisáhrifum við aksturinn, en hins vegar hafi hann verið grútsyfjaður og þreyttur. Hann hafi ekkert sofið nóttina fyrir slysið og einungis 3 tíma nóttina þar áður.

Stefndi kvaðst ekkert hafa breytt bifreið sinni, eftir að hún var skoðuð 27. júlí 1979 af Bifreiðaeftirliti ríkisins. Bifreiðin hafi verið í nákvæmlega sama ástandi, er slysið varð, bæði hjólbardar og annað. Lítið „rallýstýri“ hafi verið á bifreiðinni, er hann keypti hana í apríl 1979, og engin athugasemd verið gerð við stýrið við skoðunina. Frá því hann keypti bifreiðina, hafi hann legið í að gera við hana og skráð hana 27. júlí 1979. Hann kveðst ekki álíta, að skyndileg bilun hafi orðið í bifreiðinni, áður en slysið varð. Þó sé hugsanlegt, að vökvi hafi farið af stýristékk, því þá þyngist stýrið. Hann kveður leiðslu einu sinni hafa farið sundur í stýristékk og stýrið þá orðið mjög þungt.

Ökumaður bifreiðarinnar G 4000, sem stefndi Ólafur hugðist aka fram úr, var Vigdís Sveinsdóttir. Hún kveðst hafa ekið mjög hægt. Hún taldi sig hafa ekið á 40—50 km hraða. Hún kveður þó hugsanlegt, að hún hafi ekið á meiri hraða. Hún kveðst skyndilega hafa séð bifreið aka fram með hennar bifreið og fara út af veginum vinstra megin, þar sem hún hafi snúist, en síðan farið út af veginum hægra megin og oltið. Hún kveður mikinn hvin hafa heyrst frá þeirri bifreið við framúraksturinn og útafaksturinn. Hún kveðst hafa talið hraða þeirrar bifreiðar u. þ. b. 80—90 km miðað við hraða bifreiðar sinnar. Hún ók af slysstað, þar sem henni var tjáð, að búið væri að kalla á sjúkralið, auk þess sem hún hafi ekki viljað, að farþegarnir, danskir unglingar, færu úr bifreiðinni.

Sigurgeir Vilhelm Sigurgeirsson ók bifreið sinni, R 4211, suður Vesturlandsveg frá Þingvallavegi í umrætt sinn. Hann kveður bifreiðinni G 4000 hafa verið ekið löturhægt, á u. þ. b. 10—15 km hraða. Hann kveður það útilokað og hreina fjarstæðu, að þeirri bifreið hafi verið ekið á 50 km hraða. Hann kveður bifreiðina G 11447 skyndilega hafa komið fram með jeppabifreiðinni vinstra megin. Farið þar eftir kantinum og runnið í lausamöl. Er bifreiðin hafi komið á malbikaðan afleggjara og fengið fast undir hjólin, hafi hún farið rակleitt yfir veginn og út af hægra megin og oltið 4—5 veltur. Hann hafi þegar kallað til

lögreglu og sjúkrabifreið í gegnum talstöð. Hann taldi hraða bifreiðarinnar G 11447 hafa verið mikinn með hliðsjón af því, hve snögg t hún hafi skotist út frá Land Rover bifreiðinni. Svo hafi vírst sem ökumaður bifreiðarinnar G 11447 hafi ekki áttað sig á, hve hægt Land Rover bifreiðinni var ekið. Hann kveðst hafa stoppað, er hann sá, hvað verða vildi, þar sem honum hafi ekkert litist á akstur bifreiðarinnar G 11447. Hann hafi ætlað að vera við öllu búinn og ekki vitað, hvaða stefnu bifreiðin tæki. Hann kveðst þegar hafa farið að bifreiðinni G 11447, þar sem hún stöðvaðist. Þá hafi farþeginn legið utan við hana og inni í bifreiðinni ökumaðurinn, meðvitundarlaus og skorðaður milli framsetanna. Hurðirnar á bifreiðinni hafi verið fastar. Hann hafi teygt sig inn um afturrúðuna, sem farin var úr, og tekið spjald ofan af ökumanninum til að gæta betur að honum. Þá hafi hann séð reyk upp úr vélarhúsi bifreiðarinnar og þegar hlaupið í bifreið sína til að ná í skiptilykil til að aftengja rafgeymi bifreiðarinnar. Hann hafi beðið mann, sem þarna var staddur, að huga að ökumanninum og farþeganum, meðan hann aftengdi rafgeymi bifreiðarinnar, og hafi maður þessi verið búinn að ná ökumanninum út úr bifreiðinni og ökumaðurinn kominn til meðvitundar, þegar hann hafði lokið aftengingu. Hann kveðst þá hafa farið og hlúð að farþeganum. Síðan hafi hann beðið á staðnum, þar til sjúkrabifreið kom, og hjálpað til við að koma hinum slösuðu af staðnum. Hann kveðst ekki hafa fundið vínlykt af þeim. Hann kveðst ekki hafa orðið var ölvunareinkenna á þeim.

Lík Ragnars Bjarna var krufið. Rannsóknastofa í lyfjafræði rannsakaði blóðsýni úr hinum látna, og reyndist magn alkóhóls í því minna en svo, að mælt yrði.

Í máli því, sem höfðað var gegn stefnda Ólafi fyrir sakadómi Kjósarsýslu með ákæru, útgefinni 23. nóvember 1979, var honum gefið að sök að hafa „ekið bifreiðinni G 11447, sem búin var of litlu stýrishjóli, undir áhrifum áfengis frá Breiðholtshverfi í Reykjavík sem leið liggur norður Reykjanesbraut og austur Vesturlandsveg með viðkomu í Árbæjarhverfi og síðan áfram norður Vesturlandsveg óvarlega og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á bifreiðinni í Ullarnesbrekku í Mosfellssveit, hún fór út af veginum, valt margar veltur, og farþegi ákærða, Ragnar Bjarni Kjartansson, fæddur 27. september 1959, hlaut innvortis meiðsli, sem leiddu hann til dauða kl. 13:25 þennan dag.

Telst þetta atferli ákærða varða við 215. gr. almennra heg-

ingarlaga nr. 19/1940, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.“

Í niðurstöðum dóms sakadóms Kjósarsýslu frá 3. júlí 1980 segir:

„Ekkert hefur komið fram, sem bendir til þess, að orsök slyssins hafi stafað af skyndilegri bilun á ökutæki ákærða. Veður-skilyrði voru góð.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólákvörðunar og framburði ákærða, að hann hefur verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hann var auk þess illa sofinn og þreyttur.

Ósannað þykir, að stýri bifreiðar ákærða hafi verið ólöglegt, enda ekki mælt. Verður því að sýkna ákærða fyrir brot á 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

Á hinn bóginn er það álit dómsins, að orsök slyssins megi fyrst og fremst rekja til of hraðs aksturs ákærða og þess, að hann var undir áhrifum áfengis og illa fyrirhallaður, og hafa viðbrögð hans því mótast af þessu ástandi hans.

Telst því sannað með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglu og vitna og niðurstöðu alkóhólákvörðunar, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ósannað þykir, að stýri bifreiðarinnar hafi verið of lítið. Háttsemi ákærða er rétt færð til refsí-ákvæða.“

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að stefndi Ólafur Andrússon beri alla ábyrgð á slysinu. Beri honum því að bæta fjárhagslegt tjón þeirra samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Stefndi Ólafur hafi, er slysið varð, verið undir áhrifum áfengis samkvæmt dómi sakadóms Kjósarsýslu. Telja stefnendur þann dóm hafa res judicata verkanir fyrir úrlausn þessa máls, sbr. 2. mgr. 197. gr. einkamálaganna. Stefndi Ólafur hafi sýnt vítavert gáleysi við aksturinn og culpa-reglan eigi því einnig hér við. Stefnendur telja, að með þeim breytingum, sem gerðar höfðu verið á bifreiðinni G 11447, hafi verið brotið gegn ákvæðum 4. gr. umferðarlaganna og bifreiðin eftir það ekki uppfyllt öryggiskröfur. Í því sambandi benda stefnendur einkanlega á, að sérstakt „rallýstýri“ hafi verið sett á bifreiðina, en það henti ekki amerískum bifreiðum samkvæmt framburði Einars Karels Torfasonar bifreiðaeftirlitsmanns. Samkvæmt framburði stefnda Ólafs hafi stýri bifreiðarinnar orðið

svo þungt, er hann beygði til vinstri til að aka fram úr bifreiðinni G 4000, að hann náði ekki að rétta bifreiðina af nógu snemma. Þessir ágallar á bifreiðinni séu ekki í samræmi við þær öryggiskröfur, sem gerðar séu í II. kafla umferðarlaga. Með athugasemdarmiða Bifreiðaeftirlits ríkisins um skoðun bifreiðarinnar þann 27. júlí 1979 sé fyrir hendi lögfull sönnun um ágalla bifreiðarinnar, er slysið varð.

Stefnendur mótmæla því, að dómar Hæstaréttar Íslands, sbr. dómasafn XL (1969), bls. 180, og LXVII (1976), bls. 1080, hafi fordæmisgildi í máli þessu. Þar sé ekki um hliðstæð úrlausnar-efni að ræða og þetta mál um margt frábrugðið hinum tveimur. Engin sönnun liggi fyrir um, að Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um, að stefndi Ólafur hafi verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð. Eingöngu sé við framburð stefnda Ólafs sjálfs að styðjast, um hvort Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um ölvun hans, og gegn mótmælum stefnanda verði framburður hans ekki lagður til grundvallar. Engar sannanir séu fyrir því, að Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um áfengisneyslu stefnda Ólafs. Þann morgun, sem slysið varð, hafi ekki verið sjáanlegt, að stefndi Ólafur væri með áfengisáhrifum samkvæmt framburðum vitnanna Jóhannesar Páls Jónssonar og Sigurgeirs Vilhelms Sigurgeirssonar. Af því verði að álykta, þar sem ekki var alkóhól í blóði Ragnars Bjarna, að honum hafi ekki verið unnt að vita, að stefndi Ólafur væri undir áhrifum áfengis. Þá hafi stefndi Ólafur skýrt frá áfengisneyslu á tvo vegu. Fyrst, að þeir félagarnir hefðu ekki verið að drekka áfengi. Því verði það ekki lagt til grundvallar, sem hann segi síðar um áfengisneyslu. Ekkert liggi fyrir um, að í umræddu húsi í Breiðholti hafi stefndi Ólafur drukkið áfengi í viðurvist Ragnars Bjarna. Jafnvel geti verið, að áhrif áfengisneyslu stefnda Ólafs hafi fyrst verið að koma fram eftir slysið. Allt leiði þetta til þess, að hafna beri sýknukröfu stefndu. Auk þess hafi bifreiðin G 11447 ekki uppfyllt öryggiskröfur eftir þær breytingar, sem gerðar voru á henni, og ástand hennar ekki í samræmi við 4. gr. umferðarlaga.

Stefnendur byggja kröfur sínar gegn meðstefnda Samvinnu-tryggingum g/t á heimild í 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, þar sem bifreið stefnda hafi verið ábyrgðartryggð hjá tryggingarfélaginu.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að ekki séu skilyrði til þess að lögum að leggja á þá bótaábyrgð á tjóni því, sem krafist er bóta fyrir í málinu. Þessu valdi þátttaka Ragnars Bjarna í að-

draganda slyssins og þar með meðabyrgð á því og afleiðingum þess. Augljós og mikil áhætta hafi verið samfara því að vera farþegi í bifreiðinni, eins og ástandi bifreiðastjórans var háttað samkvæmt því, sem rakið hefur verið. Það ekki getað farið hjá því, að Ragnar Bjarni gerði sér fullkomlega grein fyrir þessari áhættu, þar sem hann hafi verið með stefnda Ólafi föstudagskvöldið fyrir slysið, laugardagskvöldið og alla aðfaranótt sunnudagsins, lagt honum til drykkinn, sem olli ölvun hans, en ekki neytt áfengis sjálfur, a. m. k. ekki þá nótt. Það megi ætla, að áfengismagn í blóði stefnda Ólafs hafi verið talsvert meira, er slysið varð, en niðurstaða alkóhólrannsóknar gefi til kynna, þar sem liðið var mikið á aðra klukkustund frá slysinu, er blóðsýni var tekið. Vísindaleg rannsókn hafi leitt í ljós, að alkóhól hverfi almennt úr blóði manns sem nemi 0.15% pr. klst. Samkvæmt 4. mgr. 24. gr. umferðarlaga teljist maður óhæfur til að stjórna bifreið, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1.20%. Sé því ljóst, að stefndi Ólafur hafi verið algerlega óhæfur til aksturs bifreiðar, er umrætt slys varð. Slysið og næsti aðdragandi þess sé dæmigert fyrir ölvunarakstur. Öll eftirtalin atriði hafi reynt á í umræddu tilviki: Of mikill ökuhraði, óörugg stjórn á ökutækinu, dómgreindarskortur við framúrakstur, úrræðaleysi, þegar í öfni stefndi, akstur út fyrir veg. Stefndu halda því fram, að hér reyni á hina þekktu reglu í skaðabótarétti um samþykki áhættu. Öll skilyrði séu fyrir hendi, til að henni verði hér beitt, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Bent er á, að reynt hafi á mjög hliðstæð tilvik í nefndum dómum Hæstaréttar Íslands.

Stefndu mótmæla málsútlitun og málsástæðum stefnenda. Það sé reyndar rétt, sem stefnendur haldi fram um ölvun stefnda Ólafs og ógætilegan akstur. Um það sé ekki deilt. En þessar staðreyndir dugi ekki til bótaábyrgðar stefndu, eins og málið sé vaxið að öðru leyti. Stefndu mótmæla sérstaklega, að búnaður bifreiðarinnar eða ástand hafi nokkru um slysið valdið. Hið gagnstæða sé algerlega leitt í ljós. Bent er á ölogmæta vaxta-kröfu.

Þá halda stefndu því fram, að ekki sé líklegt eða sennilegt, að frásögn stefnda Ólafs sé tilbúningur hans. Hann hafi alls ekki fegrað sinn hlut og ekki ástæða til að ætla, að hann hafi hallað réttu máli. Vegna samvista Ragnars Bjarna við stefnda Ólaf umrædda nótt hafi Ragnar Bjarni vitað eða átt að vita um áfengisneyslu stefnda Ólafs.

Í máli þessu hafa ekki komið fram önnur gögn eða nánari

skýrslur um málsatvik en lágu fyrir sakadómi Kjósarsýslu, er áðurgreindur dómur var þar upp kveðinn.

Það er ósannað, að framangreint slys hafi orsakast af skyndilegri bilun í bifreiðinni G 11447 eða verði rakið til galla á stjórn-tækjum hennar.

Sannað þykir, að slysið hafi orðið vegna óvarlegs aksturs stefnda Ólafs. Ekki er um það deilt, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Ekkert er fram komið um, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið kunnugt um þá áfengisneyslu, sem stefndi Ólafur hefur viðurkennt „með stúlkunum“ í ótillgreindu húsi í Reykjavík, sem þeir hafi komið í „um miðja nóttina“ fyrir slysið. Ekki er upplýst, hve langur tími leið, frá því stefndi Ólafur hætti þeirri neyslu, eins og hann hefur skýrt frá, þar til Ragnar Bjarni heitinn kom í bifreið hans. Gegn mótmælum stefnenda verður að telja ósannað, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið kunnugt um aðra þá áfengisneyslu, sem stefndi Ólafur hefur viðurkennt þessa nótt og kvöldið áður. Í því sambandi er einnig á það að líta, að stefndi Ólafur kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa af þeirri neyslu, og ekki er upplýst, hve mikil hún var. Samkvæmt framangreindu verður ekki talið upplýst, að Ragnar Bjarni heitinn hafi vitað eða átt að vita, að stefndi Ólafur væri vegna undanfarandi áfengisneyslu, svefnleysis og þreytu óhæfur til að aka bifreið umræddan morgun.

Hvernig það atvikaðist, er Ragnar Bjarni heitinn kom þá í bifreiðina, er óljóst. Á því virðist mega byggja, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

Stefndi Ólafur hefur ekki vefengt, að 1.59% alkóhóls hafi mælst í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt sinn.

Samkvæmt áðurgreindum framburðum Sigurgeirs Vilhelms Sigurgeirssonar og Jóhannesar Páls Jónssonar er ósannað, að stefndi Ólafur hafi eftir slysið borið sýnileg ölvunareinkenni. Fyrirnefnda vitnið fann ekki vínlykt af honum á slysstað. Síðarnefnda vitnið fann áfengislykt af andardrætti hans, er vitnið ræddi við hann á slysadeild Borgarspítalans. Er það hið eina, sem fram er komið um áfengiseinkenni, sem vitni merktu á stefnda Ólafi eftir slysið. Samkvæmt þessu og því enn fremur, að ekkert er hægt að fullyrða um samsvörun milli niðurstöðu greindrar alkóhólmælingar og ölvunareinkenna stefnda Ólafs á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykja ekki fram komin næg gögn og upplýsingar um þau atvik, sem þýðingu hafa, til þess að sýknukrafa stefndu verði tekin til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndu verða dæmd-ir til að greiða stefnendum hina umkröfðu fjárhæð, 4.988.40 nýkrónur, sem ekki er tölulegur ágreiningur um.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnendum vexti sem hér segir: 22% ársvexti af 4.988.40 nýkrónum frá 29. júlí 1979 til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvexti frá þeim degi til 10. nóvember s. á. og hæstu innlánsvexti, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi, þ. e. miðað við 12 mánaða vaxtaaukalan, 46% ársvexti frá 10. nóvember 1980 til 1. mars 1981, 46.4% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnendum 2.500.00 nýkrónur í málskostnað.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppkvaðningu dómsins, stafar af önnum dómarans við önnur embættisverk.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Andrússon og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnendum, Hjördísi Þorsteinsdóttur og Steingrími S. Gunnarssyni, 4.988.40 nýkrónur ásamt 22% ársvöxtum frá 29. júlí 1979 til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 2.500.00 nýkrónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.